

Fundargerð 112. fundar

112. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 4. nóvember 2015 kl. 15:00. Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Þorsteinn Narfason og Árný Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Samráðsvettvangur um framkvæmdir Landsnets frá Sandskeiði að Hafnarfirði

Lagt fram bréf Landsnets dags. 2. október 2015 og fundargerð dags. 13. október 2015. Á fundinn mættu Kristín Lóa Ólafsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Ekki hefur verið tilnefndur fulltrúi framkvæmdastjórnar á samráðsvettvanginn. Fundargerð rædd og form samráðsvettvangsins. Framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að Landsnet hafi beint samráð við heilbrigðiseftirlitssvæðin vegna vatnsverndar.

2. Tengivirki Landsnets á Sandskeiði innan grannsvæðis vatnsverndar

Þorsteinn Narfason kynnti fund sem verkfræðistofan Efla og Landsnet héldu með Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis um málefnið þann 2. nóvember sl. Fram kom að verkfræðistofan Vatnaskil er að kanna grunnvatnsstrauma á svæðinu og er beðið niðurstaðna. Frekari umræðu um málið er frestað þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.

3. Deiliskipulag Þríhnúkakígs og nágrennis í Kópavogi

Lögð fram tillaga að lýsingu deiliskipulagsverkefnis og matslýsing dags. september 2015. Málið rætt þar sem Þríhnúkar liggja á fjarsvæði vatnsverndar. Framkvæmdastjórn leggur til að umsagnir um deiliskipulagið verða unnar hjá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðum m.t.t. ákvæða nýrrar samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu.

4. Kynning á vatnsverndarsvæði höfuðborgarbúa

Samþykkt að óska eftir við samráðshóp um vatnsvernd og vatnsnýtingu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að kallað verði til fundar með hagsmunaaðilum s.s. vatnsveitum, rekstaraðilum inni á svæðinu (s.s. skógræktarfélag, skíðasvæða, Þríhnúka), og Vegagerðarinnar, til kynningar og umræðu um nýtt svæðisskipulag hvað varðar vatnsvernd og nýja samþykkt.

5. Önnur mál

- a) Mannvirki og vegir á vatnsverndarsvæðinu; tekin var upp að nýju umræða um ástand vega og umferðaröryggi m.t.t. hættu á mengun grunnvatns og formanni falið að boða til vettvangsferðar um þá hluta vatnsverndarsvæðisins þar sem hætta á óhöppum er hvað mest.

Fundi slitið kl. 16:00

Árný Sigurðardóttir, formaður